



Jafnréttisáætlun

Inngangur

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum (hér eftir nefndur FÍV) telur mikilvægt að nýta til jafns þá auðlegð sem felst í menntun, reynslu og viðhorfum. Skólinn stendur ólíkum einstaklingum opin og fagnar fjölbreytni og við hann skal ríkja jafnrétti og gagnkvæm virðing meðal starfsfólks og nemenda og skulu allir njóta sanngirni og jafnra tækifæra. Við FÍV skulu einstaklingar af öllum kynjum hafa jafnan aðgang að störfum, menntun, framgangi og fjármagni. Í FÍV er lögð áhersla á að skapa starfsumhverfi þar sem samskipti og vinnubrögð einkennast af virðingu, heilindum, sanngirni og jafnrétti.

Jafnréttisáætlun þessi er mótuð með tilliti til Stjórnarskrár Íslandi og er unnin í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 150/2020. Hún er gerð til þriggja ára í senn. Ári áður en jafnréttisáætlunin fellur úr gildi skal hefja endurskoðun með það að markmiði að ný áætlun sé tilbúin þegar fyrri áætlun fellur úr gildi.

Markmið þessarar jafnréttisáætlunar er að tryggja jafna stöðu og jöfn tækifæri starfsfólks og nemenda við FÍV óháð kyni, aldri, trú, þjóðerni, kynþætti, fötlun, kynhneigð og stjórnmalaskoðunum og sporna gegn hvers konar mismunun eða áreitni á grundvelli þessara eða annarra óviðkomandi þátta. Áætluninni er ætlað að stuðla að því að allur mannauður skólans séu virtur og metinn að verðleikum og að hæfileikar allra verði sem best nýttir. Áætluninni er einnig ætlað að stuðla að sem jafnastri kynjasamsetningu í sambærilegum stöðum, nefndum og ráðum, sem og að stuðla að sem jafnastri kynjaskiptingu meðal nemenda einstakra námsbrauta. Ríkar áherslur eru á því að innan FÍV ríki viðhorf sem eru laus við fordóma og mismunun hvort sem er meðvitað eða ómeðvitað og tryggja að einelti, ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni verði ekki liðin innan skólans.

Áætlunin er í þremur hlutum. Fyrst er fjallað um ábyrgð og hlutverk jafnréttisnefndar og jafnréttisfulltrúa FÍV. Í öðrum hluta er fjallað um helstu áherslur FÍV í jafnréttismálum og hvernig unnið er að markmiðum skólans að efla jafnrétti og jafnréttisstarf á öllum sviðum hans sem vinnustaður. Í þriðja og síðasta hlutanum sem menntastofnun.

1. hluti – Hlutverk og ábyrgð jafnréttisnefndar og jafnréttisfulltrúa

Innan FÍV starfar jafnréttisnefnd og jafnréttisfulltrúi sem skipuð er til tveggja ára í senn. Kosið er í embætti á fyrsta starfsmannafundi haustannar annað hvert ár. Í jafnréttisnefndinni skulu sitja að minnsta kosti tveir einstaklingar.

1.1 Jafnréttisnefnd vinnur meðal annars að því að:

- fylgja eftir jafnréttisáætlun FÍV í samvinnu við jafnréttisfulltrúa og forvarnarfulltrúa skólans.
- hafa umsjón með endurskoðun jafnréttisáætlunar FÍV.
- vera stjórnendum skólans til ráðgjafar um jafnréttismál og hafa frumkvæði að því að mikilvæg jafnréttismál fái umfjöllun.
- halda uppi umræðu og fræðslu um jafnréttismál og koma á framfæri hugmyndum sem stuðla að auknu jafnrétti.
- hvetja til þess að grunnþátturinn jafnrétti verði raungerður í öllu starfi skólans.

Nefndin fjallar ekki um mál einstakra starfsmanna, en starfsfólk og nemendur geta leitað til nefndarinnar eftir ráðleggingum og hún kemur erindum eftir atvikum í réttan farveg.



Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

1.2 Jafnréttisfulltrúi

Innan FÍV starfar einn jafnréttisfulltrúi sem skipaður er til tveggja ára. Hlutverk hans er að fjalla um og hafa eftirlit með jafnréttisstarfi í skólanum og skólastarfinu sbr. lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 150/2020. Fulltrúinn skal vinna að og senda frá sér árlega greinargerð um jafnréttisstarf skólans sem lög gera ráð fyrir. Jafnréttisfulltrúi vinnur með jafnréttisnefnd og á sæti í vinnuhópi sem sér um gerð jafnréttisstefnu skólans. Jafnréttisfulltrúi skólans hefur einnig það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir starfsfólk og nemendur skólans um málefni er snúa að jafnrétti og veitir Jafnréttisstofu upplýsingar sem snúa að jafnréttisstarfi skólans, sbr. 5. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

2. hluti - Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum sem vinnustaður

Í þessum huta áætlunarinnar verður gerð grein fyrir hvernig unnið er að markmiðum skólans til að efla jafnrétti og jafnréttisstarf á öllum helstu sviðum hans sem vinnustaðar.

2.1 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum sem vinnustaður

Allar mikilvægar ákvarðanir er varða starfsfólk skólans skulu metnar út frá jafnréttissjónarmiði. Í jafnréttisáætlun FÍV er lögð áhersla á jafnan rétt kvenna og karla til launa, stöðuveitinga, starfa og þátttöku í nefndum og ráðum. Jafnframt er áréttað mikilvægi þess að bæði kyn fái notið starfsþjálfunar og endurmenntunar að jöfnu. Auglýsingar, upplýsingagjöf, kynbundið ofbeldi, kynferðisleg- og kynbundin áreitni og tengsl við starfsmannastefnu eru einnig viðfangsefni jafnréttisáætlunar skólans.

2.1.1. Launajafnrétti

Við ákvörðun launa skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað og skulu laun ákveðin á sama hátt fyrir allt starfsfólk óháð kyni. Öll kyn skulu njóta jafnra kjara fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf. Með kjörum er átt við laun ásamt lífeyris-, orlofs- og veikindaréttindum og hvers konar öðrum starfskjörum eða réttindum sem metin verða til fjár sbr. 18. og 19. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 150/2020. Starfsfólki skólans er ávallt heimilt að skýra frá launakjörum sínum ef það kys og er yfirmanni eða öðrum sem koma að ákvörðun launa óheimilt að óska trúnaðar starfsmanns um launakjör hans.

FÍV fær Jafnlaunaúttekt á hverju ári og skal fá Jafnlaunavottun þriðja hvert ár. Í því felst að á þriggja ára fresti skal óháður aðili fenginn til að gera úttekt á launum og kjörum við skólann með það að markmiði að greina misræmi eða mismunun í launum og kjörum starfsfólks. Niðurstöður skal kynna fyrir starfsfólki. Finnist við þessar greiningar mismunur sem ekki verður skýrður með öðru en kyni eða öðrum óviðkomandi þáttum, skal svo fljótt sem auðið er leiðrétta þann mun.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Starfsfólk af öllum kynjum njóti sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf.	Skólameistari Launagreiningarteymi Fjármálastjóri	Unnið er eftir jafnlaunastefnu og laun greind eftir kyni.	Viðhaldsúttekt ár hvert og alherjar úttekt á 3 ára fresti. Komi í ljós mismunur verða laun leiðrétta eftir því sem við á.
	Jafnréttisfulltrúi Jafnréttisnefnd	Fá reglulega yfirlit og viðeigandi upplýsingar frá stjórnendum	
	Jafnréttisfulltrúi	Fylgist með hvað gert er í öðrum opinberum stofnunum.	
Viðhalda jafnlaunakerfi	Stjórnendur Launagreiningarteymi	Vottun viðhaldið og innri úttektir	



Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

2.1.2 Þátttaka í nefndum og ráðum

Gæta skal sérstaklega að kynjahlutföllum við skipan í nefndir og ráð á vegum FÍV. Við tilnefningar í nefndir skal óskað eftir því að aðilar af tveimur kynjum séu tilnefndir þar sem því verður viðkomandi. Skipan í nefnda- og hópastarf skal taka mið af þekkingu og áhuga starfsfólks og starfsfólki sé gert kleift með markvissum hætti að lýsa yfir áhuga á setu í tilteknum nefndum.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Leitast er við að hafa kynjahlutföll í nefndum og ráðum innan skólans svipuð.	Stjórnendur og jafnréttisfulltrúi	Árleg samantekt á skipan nefnda og ráða í jafnréttisskýrslu.	Alltaf þegar skipað er í nefndir og ráð. Jafnréttisnefnd kynnrir stöðuna fyrir starfsfólki í upphafi skólaárs (september ár hvert). Jafnréttisfulltrúi leiti eftir skýringum séu nefndir/ráð einsleitar hvað varðar kyn.

2.1.3 Stöðuveitingar og störf

Jafnréttissjónarmið á að meta til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið sem ráða við stöðuveitingar. Stefnt skal að því að halda sem jöfnustu hlutfalli kynja í hin ýmsu störfum innan skólans. Þess skal gætt að einstaklingum sé ekki mismunað vegna kynferðis við úthlutun verkefna, tilfærslu í störfum, tækifæra til að axla ábyrgð og framgang í starfi.

Í auglýsingum skulu störf vera ókyngreind og höfða til allra kynja. Við alla upplýsingaöflun, úrvinnslu og miðlun skal FÍV greina tölfraðilegar upplýsingar eftir kynjum, eftir því sem við á og ekki stangast á við persónuverndarhagsmuni, sbr. 16. gr. jafnréttislaga.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Að störf við FÍV séu opin öllum óháð kyni og að starfsfólkið sé fjölbreyttur hópur bæði þegar lítið er til kynja-samsetningar, þjóðernis, aldurs o.s.frv.	Skólameistari Aðstoðarskólameistari	Samantekt á kynjahlutföllum allra starfshópa skólans ásamt yfirliti yfir auglýst störf, umsækjendur og ráðningar. Fylgjast markvisst með úthlutun verkefna og tilfærslum innan skólans.	Jafnréttisfulltrúi fer yfir stöðuna við lok haustannar ár hvert og niðurstöður birtar í jafnréttisskýrslu. Halli á einn hóp umfram aðra skal vinna markvisst að því að leiðrétta stöðuna.
	Skólameistari Aðstoðarskólameistari	Auglýsingar um laus störf skulu þannig úr garði gerðar að þær höfði til einstaklinga af öllum kynjum og til breiðs aldurshóps.	
	Skólameistari	Sæki tveir jafnhæfir einstaklingar um starf við skólann skal velja einstakling af því kyni sem hallar á.	Alltaf þegar ráðið er í störf.



Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

2.1.4 Starfsþjálfun, endurmenntun og starfsþróun

Starfsfólk FÍV skal njóta sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar. Til að tryggja að svo megi vera þarf skýra endurmenntunarstefnu og safna skipulega upplýsingum um endurmenntun starfsfólks. Leitast þarf við að höfða til sem flestra í tilboðum er lúta að starfsþjálfun og endurmenntun. Starfsfólk skal reglulega fá fræðslufundi og námskeið sem snerta jafnrétti.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Tryggja að allt starfsfólk, óháð kyni, þjóðerni, aldri og starfsskyldum, njóti sömu möguleika til endurmenntunar, starfsþjálfunar og starfsþróunar.	Skólameistari Aðstoðarskólameistari	Stjórnendur skulu hvetja allt starfsfólk til að sækja sér viðeigandi starfsþjálfun, endurmenntun og starfsþróun. Fræðsla/ námskeið um jafnréttismál	Kyngreind samantekt með upplýsingum um þátttöku í starfsþjálfun, endurmenntun og starfsþróun.

2.1.5 Samræming fjölskyldu og atvinnulífs

Í 21. gr. jafnréttislaga eru lagðar skyldur á atvinnurekendur um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Starfsfólki FÍV skal gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu með sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma, hlutastörfum eða annarri vinnuhagræðingu, eftir því sem við á. Í þessu sambandi skal bæði tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsfólks og þarfa skólastarfsins, þar með talið að starfsfólki sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Að allt starfsfólk geti samræmt starfsskyldur og skyldur gagnvart fjölskyldu.	Skólameistari Aðstoðarskólameistari	Kennarar hvattir til að gæta að því að vinna áfanga sé í samræmi við vinnumat. Ábyrgð á undirbúningsvinnu er hjá kennurum, óháð stund og stað. Skipulag skóladagatala taki tillit til þarfa fjölskyldufólks.	Sameyki – stofnun ársins Samtöl milli stjórnenda og starfsfólks.
Yfirvinnu er stillt í hóf	Skólameistari	Ekki skal þrýst á starfsfólk að taka að sér yfirvinnu. Þjóða skal starfsfólki að bæta við sig en því ber engin skylda til að samþykkja það.	Ávallt
Fundarhöld á dagvinnutíma	Sá sem skipuleggur fundi hverju sinni	Fundir skulu skipulagðir á dagvinnutíma, nema sérstök ástæða sé til annars.	Ávallt



Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Réttur til fæðingarorlofs sé nýttur og að starfsfólki sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi vegna óviðráðanlegra aðstæðna og/eða brýnna fjölskylduaðstæðna.	Skólameistari Aðstoðarskólameistari	Samráð stjórnenda við starfsfólk um hvernig orlofi eða leyfi sé háttað og hvernig komið sé aftur til starfa. Leitast er eftir að mæta þörfum starfsfólks eftir aðstæðum.	Einstaklingsbundið
Fjölskyldumeðlimir eru hvattir til að kynnast vinnustaðnum	Makar hvattir til að taka þátt í skemmtunum/viðburðum á vegum skólans. Börn velkomin á vinnustað starfsfólks þegar leik-og/eða grunnskólar loka tímabundið.	Skólastjórnendur og starfsmannanefnd	Á ávallt við

2.1.6 Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Mikilvægur liður í að vera góður vinnustaður er að koma í veg fyrir einelti, kynbundna og kynferðislega áreitni og ofbeldi. Í því sambandi þarf að fræða starfsfólk um hvað telst til eineltis, kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni og ofbeldis. Allt starfsfólk á rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og að það sæti ekki kynbundins ofbeldis, kynferðislegri- og/eða kynbundinni áreitni. Fræðsla og aðgengi að efni um kynbundið ofbeldi, kynbundna- og kynferðislega áreitni skal vera fyrir hendi svo að allt starfsfólk sé meðvitað um slík málefni og sé líklegra til þess að koma auga á slík mál og bregðast við þeim komi slík mál upp. Það er yfirlýst stefna FÍV að hvers konar óréttlæti, svo sem einelti, kynferðisleg áreitni eða mismunun byggð á óviðkomandi þáttum svo sem kynferði, aldri, trú, þjóðerni, kynþætti, fötlun eða kynhneigð sé ekki liðin.

- Kynbundin áreitni: Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.
- Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.
- Ofbeldi: Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis.
- Einelti: Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

Telji starfsfólk sig verða fyrir einelti, kynbundnu ofbeldi, kynferðislegri áreitni og/eða kynbundinni áreitni skal leita til trúnaðarmanns eða jafnréttisfulltrúa líkt og fram kemur í mannauðsstefnu skólans.



Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Að skýrar verklagsreglur liggja fyrir ef upp koma mál er varða kynbundið ofbeldi, kynferðisleg áreitni og kynbundna áreitni og þær birtar á vef skólans.	Skólameistari Gæðastjóri	Verklagsreglur fyrir starfsfólk endurskoðaðar reglulega. Vinna eftir aðgerðar-áætlun gegn kynferðislegri áreitni, ofbeldi og einelti.	Endurskoðun verklagsreglna annað hvert ár og oftár ef þörf er á. Stefna skólans yfirfarin að minnsta kosti ár hvert.
Auka þekkingu á klámvæðingu, kynferðislegri áreitni og ofbeldi og hvernig er hægt að sporna gegn því.	Jafnréttisfulltrú Forvarnarfulltrúi	Fræðsla um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislegt ofbeldi sé auðsótt.	Á hverju ári skal vera fræðsla um þessi málefni og oftár ef þörf er á. Skýrsla jafnréttisfulltrúa Greinagerð forvarnarfulltrúa
Starfsfólk stundi sjálfskoðun er varðar fagmennsku, kennsluhætti og samskipti með tilliti til jafnréttis	Starfsfólk	Starfsfólk skólans gefi gott fordæmi, að það sé fyrirmyndir og stuðli að jafnrétti í orði og verki.	Ávallt
Starfsfólki líði vel og starfsandi og skólabragur sé jákvæður	Stjórnendur Starfsmannafélag Trúnaðarmaður kennara	Fylgst með líðan og starfsanda með þátttöku í Stofnun ársins.	Samtöl milli stjórnenda og starfsfólks. Niðurstöður kannanna ár hvert

3. hluti – Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum sem menntastofnun

Í þessum huta verður gert grein fyrir hvernig unnið er að markmiðum skólans að efla jafnrétti og jafnréttisstarf á öllum helstu sviðum hans sem menntastofnun og vinnustaður nemenda.

3.1 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum sem vinnustaður nemenda

Í skólastarfinu skal lögð áhersla á að efla sjálfstæði og sjálfsvirðingu allra nemenda. Áhersla er á að nemendur njóti alhliða menntunar og fái hvatningu til náms í samræmi við þroska og áhuga hvers og eins. Lögð skal áhersla á eiginleika hvers einstaklings í hópnum fremur en kynjamun. Mikilvægt er að þjálfja þætti eins og samkennd, lýðræði, samvinnuhæfni og tillitssemi til að auðvelda ungmönnum að starfa í blönduðum hópum.

3.1.1 Jafnrétti í skólastarfi

Mikilvægt er að allir séu meðvitaðir um þann fjölbreytileika sem kann að vera til staðar í nemendahópnum og að allir séu virkjaðir í náminu. Jafnréttismiðuð kennsla gerir þá kröfu til kennara og annars starfsfólks skólans að þau haldi vöku sinni í jafnréttismálum. Jafnréttismiðuð kennsla felur meðal annars í sér að valdar séu fjölbreyttar kennsluaðferðir og skólinn sé vettvangur fyrir nemendur til þess að prófa sig áfram á ólíkum sviðum. Að haft sé í huga að nemendur geti haft ólík áhugamál og ólíka lífsreynslu óháð kyni og í öllum námsgreinum séu markvisst notaðar aðferðir og efni til að hvetja alla nemendur til dáða. Að gætt séð að því að hlutir séu skoðaðir út frá mörgum sjónarhornum og hlutdrægni sé viðhöfð.



Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

3.1.2 Fræðsla fyrir nemendur

Mikilvægt er að nemendur fái fræðslu um jafnrétti og að í þeirri fræðslu skuli leggja áherslu á styrkleika, skyldur og réttindi allra kynja. Stefnit skal að því að með jafnréttisfræðslu sé fjallað um mismunun sem byggir á aldri, búsetu, fötlun, kyni, kynhneigð, lífsskoðunum, menningu, stétt, trúarbrögðum eða þjóðerni. Mikilvægt er að nemendur fá þjálfun í að koma auga á og vinna gegn hvers kyns misrétti. Jafnréttismenntun felur meðal annars í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í þeim tilgangi að kenna börnum og ungmönnum að greina kringumstæður og fordóma sem geta leitt til mismununar og forréttinda.

Jafnrétti er umfjöllunarefni í ýmsum áföngum skólans, s.s. kynjafræði, félagsfræði, uppeldisfræði, sálfræði, sögu, lífsleikni, íþróttum og líffræði. Umræða um þessi mál koma einnig við sögu í ýmsum öðrum greinum s.s. í bókmenntaumræðu og í lesefni tungumála. Mikilvægt er að flétta jafnrétti inn í alla kennslu og styrkja þar með getu nemenda í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi.

3.1.3 Þátttaka nemenda í skólastarfi

Gæta skal að því að nemendur af öllum kynjum komi fram fyrir hönd skólans og að kynjahlutfall stjórnar nemendafélagsins sé sem jafnast hverju sinni. Félagslíf nemenda skal ávalt skipulagt með virðingu og jafnrétti allra í huga.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Að allir nemendur hafi sömu tækifæri til náms.	Skólameistari Aðstoðarskólameistari Jafnréttisfulltrúi	Aðgengi að námi sé óháð kyni.	
Að námsframboð skólans höfði til sem flestra nemenda	Skólameistari Aðstoðarskólameistari Jafnréttisfulltrúi	Fylgjast markvisst með kynjahlutfalli í námi á vegum skólans. Halda saman upplýsingum um kynjahlutföll í nemendahópnum.	Stöðumat/árlega Jafnréttisfulltrúi kynnir málin fyrir starfsfólki ár hvert. Í yfirliti annar við útskrift
Jafnréttismiðuð kennsla	Jafnréttisnefnd Kennarar	Jafnréttisumræðu haldið lífandi. Kennslumat	Jafnréttisnefnd fer yfir stöðuna í árslok. Kennslumat áfanga Kennsluáætlun áfanga
Jafnréttismiðað félagslíf	Nemendafélag skólans Jafnréttisfulltrúi Forvarnarfulltrúi	Jafnt aðgengi að félagslífi. Jafnréttismál rædd á fundi með stjórn nemendafélagsins.	Jafnréttisnefnd metur stöðuna árlega þegar dagskrá nemendafélagsins liggur fyrir.
Allir nemendur njóti virðingar og sanngirni og verði ekki fyrir mismunun vegna kyns eða annars.	Allt starfsfólk	Starfsfólk gæti þess í námi, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur að koma fram við þá af virðingu og sanngirni.	Ávallt



Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

3.1.4 Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Mikilvægur liður í að vera góð menntastofnun er að koma í veg fyrir einelti, kynbundna og kynferðislega áreitni og ofbeldi. Í því sambandi þarf að fræða nemendur um hvað telst til eineltis, kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni og ofbeldis. Allir nemendur eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og að þeir sæti ekki kynbundins ofbeldis, kynferðislegri- og/eða kynbundinni áreitni. Fræðsla og aðgengi að efni um kynbundið ofbeldi, kynbundna- og kynferðislega áreitni skal vera fyrir hendi svo að allir nemendur séu meðvitaðir um slík málefni og séu líklegri til þess að koma auga á slík mál og bregðast við þeim komi slík mál upp. Það er yfirlýst stefna FÍV að hvers konar óréttlæti, svo sem einelti, kynferðisleg áreitni eða mismunur byggð á óviðkomandi þáttum svo sem kynferði, aldri, trú, þjóðerni, kynþætti, fötlun eða kynhneigð sé ekki liðin.

- Kynbundin áreitni: Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.
- Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.
- Ofbeldi: Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis.
- Einelti: Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

Telji nemandi sig verða fyrir kynbundnu ofbeldi, kynferðislegri áreitni og/eða kynbundinni áreitni skal leita til jafnréttisfulltrúa eða stjórnenda skólans sem sjá um að koma málefni í réttan farveg.

Markmið	Ábyrgð	Aðgerð	Eftirfylgni/tími
Að skýrar verklagsreglur liggja fyrir ef upp koma mál er varða kynbundið ofbeldi, kynferðisleg áreitni og kynbundna áreitni og þær birtar á vef skólans	Stjórnendur	Verklagsreglur endurskoðaðar reglulega. Vinna eftir aðgerðar-áætlun gegn kynferðislegri áreitni, ofbeldi og einelti.	Endurskoðun verklagsreglna annað hvert ár og oftár ef þörf er á. Stefna skólans yfirfarin að minnsta kosti ár hvert.
Auka þekkingu á klámvæðingu, kynferðislegri áreitni og ofbeldi og hvernig er hægt að sporna gegn því.	Jafnréttisfulltrúi Forvarnarfulltrúi Umsjónarkennarar Félags- og kynjafræðikennarar	Fræðsla um kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislegt ofbeldi sé auðsótt.	Á hverju ári skal vera fræðsla um þessi málefni og oftár ef þörf er á. Skýrsla jafnréttisfulltrúa Greinagerð forvarnarfulltrúa
Nemendum líði vel og starfsandi og skólabragur sé jákvæður.	Stjórnendur Námsráðgjafi	Fylgst með líðan og skólabrag með þátttöku í könnunum eins og Skólaláupsinn, Ungt fólk og kennslumati.	Niðurstöður kannanna ár hvert



Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Endurskoðun og samþykkt

Jafnréttisáætlun þessi er gerð í samræmi við 5. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 150/2020. Hún er einnig mótuð með hliðsjón af jafnréttisáætlun Mennta- og barnamálaráðuneytisins og Stjórnarráðs Íslands. Jafnréttisáætlun og jafnréttissjónarmið í mannauðsstefnu skólans skal endurskoða á þriggja ára fresti.

Jafnréttisáætlun þessi var samþykkt af jafnréttisnefnd þann 26. október 2022

Síðast uppfært 28.október 2022